

Fundargerð
329. fundar framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,
haldinn 21. september, 2016, kl 15.30 að Grensásvegi 16.

Fundinn sátu:

Kristín Á Guðmundsdóttir, formaður
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður
Jóhanna Traustadóttir, ritari
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri

Fundarritun annaðist:

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

Dagskrá:

- 1. Fundur settur**
- 2. Fundargerð síðasta fundar**
- 3. Drög að fundi Trúnaðarmannaráðs 13. október nk.**
Sjá fylggiskjal 1
- 4. Félagsstjórnarfundur 14. október nk.**
 - a. Þurfum við að halda fundinn?
- 5. Saga félagsins**
 - i. Gerð verður grein fyrir gangi mála við félagatalið og söguna
 - ii. Myndband frá átökum og stofnun stéttarfélags
 1. Tilboð í klippingu og frágang
 - a. Áætla 10 tíma í klippivinnuna 1 klukkutíma í voiceover og hljóðmix
 - b. Samtals 11x12900 klst. = 141900 kr.
 - c. Ef það væri viðbótar tækur þá er grunn verð, hálfur dagur 190þ. kr.
 - d. heill dagur 290 þ. kr.
 - e. Öll verð eru án vsk.
- 6. Afmæli félagsins**
 - a. Formaður afmælisnefndar KÓ fer yfir stöðuna.
 - i. Tímalína, þar sem fram koma þau verkefni sem verið er að vinna að og því hver beri ábyrgð á verkferlum.
 - ii. Vinna við ráðstefnuna.
- 7. Gestalisti á hól í boði félagsins**
- 8. Kjaramál**
 - a. Farið yfir stöðuna í starfsmatinu við Reykjavíkurborg.
 - b. Farið yfir tillögur formanns og framkvæmdastjóra að úthlutun potta hjá stofnunum ríkisins.
 - c. Búið er að ganga frá tíma fyrir samstarfsnefndafundi.
 - i. LSH
 - d. Sjúkraliðinn.
 - i. GÖG fer yfir stöðuna
- 9. Frá fundi fagstétta innan BSRB um lífeyrismál**
 - a. Sameiginleg ályktun.
- 10. Önnur mál**
 - a. Staðan hjá ljósmyndaranum.

- Staðan hjá Pétri vegna útgáfu sögunnar.

Dagskrá:

1. Fundur settur

Kristín Á Guðmundsdóttir (KÁG) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð stjórnarmenn velkomna og lét vita að Gunnar Örn Gunnarsson (GÖG) framkvæmdastjóri SLFÍ kæmi seinna vegna annars fundar.

2. Fundargerð síðasta fundar

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ grein fyrir að fundargerð síðasta fundar væri samþykkt og komin á netið.

3. Drög að fundi Trúnaðarmannaráðs 13. okt nk

KÁG fót yfir dagskránnu á trúnaðarmannaráðsfundinum sem verður 13. október n.k. en nokkrar breytingar voru gerðar á uppröðun viðfángsefna.

(Fylgiskjal 1)

4. Félagsstjórnarfundur 14. október nk.

KÁG kom með þá fyrirspurn til stjórnar hvort þörf væri á að vera með félagsstjórnarfund 14. október n.k, þar sem félagsstjórnin hafi fundaði 13. september s.l. og svo væri trúnaðarmannaráðsfundur 13. október þar sem allir formenn kæmu. Ákveði var að ekki væri þörf á öðrum fundi að öllu óbreyttu.

5. Fagháskólanám

KÁG sagði frá því að hún hafi farið á fund með fagnefndum BSRB í fjarveru Birnu Ólafsdóttur (BÓ) þar sem verið var að fjalla um fagháskólanám. Málið hefur verið í vinnslu í töluverðan tíma með stéttarfélögum og menntamálaráðuneytinu. Ráðuneytið er tilbúið að leggja fram pening fyrir 4 tilraunaverkefni og til viðbótar kæmi svo peningur frá stéttarfélagunum. ASÍ hefur lagt til 4 stéttir sem eru allt löggiltar iðnstéttir. BSRB fái 1 tilraunaverkefni og spurning sé hvaða félag fá verkefnið. KÁG mun fara á morgun á fund með ráðuneytinu um málið en komið er fram að þessir peningar sem lagðir verða til eiga ekki að fara í kennslu heldur til að skipulagningar á náminu. Nokkur umræða var um málið og miklill áhugi fyrir því að fagháskólanámið verði fyrir sjúkraliða.

6. Saga félagsins

KÁG fór yfir stöðuna varðandi útgáfu sögu félagsins, en búið er að hafa samband við Pétur (sá sem setur bókina upp) vegna seinangangs, komið hefur í ljós að sá sem tók að sér umbrotið sagði sig frá verkinu og fór tími í að finna nýjan umbrotsaðila, próförkinn verður því tilbúin fljótlega til yfirlestrar.

KÁG fór einnig yfir það að hún væri búin að fá tilboð frá Hljóðmix í klippingu og frágang á myndbandi frá átökum og stofnun stéttarfélags. Samþykkt var að KÁG myndi vinna áfram með málið.

7. Afmæli félagsins

Kristín Ólafsdóttir (KÓ) formaður afmælisnefndar SLFÍ fór yfir stöðuna varðandi málþingið og veisluna sem verður í tilefni afmælis félagsins þann 18. nóvember n.k.

8. Gestalisti á afmælisboð félagsins

KÁG sagði frá því að gestalisti fyrir afmælisboðið félagsins væri nánast tilbúinn og farið var nánar yfir hann.

9. Kjaramál

KÁG og GÖG fóru yfir stöðuna í starfsmatinu við Reykjavíkurborg en það er í fullum gangi.

Farið yfir tillögur KÁG og GÖG að úthlutun potta hjá stofnunum ríkisins. Ekki hafa umræður gengið vel við LSH en búið er að bóka annan fund sem verður á skrifstofu SLFÍ.

10. Sjúkraliðinn

GÖG fór yfir stöðuna varðandi útgáfu á næsta blaði, en ákveðið var að það yrði ekki gefið úr sérstakt afmælisblað að þessu sinni, en yrði með sögulegu ívafi.

11. Frá fundi fagstétta innan BSRB um lífeyrismál

KÁG fór yfir hvernig fundurinn gekk en mikil reiði er hjá fagstéttunum vegna lífeyrismálsins. Sameiginleg ályktun fundarinn um stöðuna er í vinnslu.

GÖG fór yfir fund hjá réttindarnefnd BSRB en verið er að ræða veikindarétt ríkisstarfsmanna.

KÁG sagði frá fundi sem hún átti með Elínu Björgu formanni BSRB um stöðuna í lífeyrissjóðsmálinu.

12. Önnur mál

KÁG sagði frá því að ekki hafi neitt borist frá ljósmyndaranum sem tók myndir af félagsstjórninni. Samband verður haft við ljósmyndarann.

Fundi slitið kl. 17:35